

Atriðið er tekið úr myndinni Mulholland Drive og það nefnist „Dinner Scene“. Þessa mynd hef ég ekki séð og veit því ekki um hvað hún fjallar. Atriðið er hægt að sjá hér:

<https://www.youtube.com/watch?v=UozhOo0Dt4o>

Hlustað á hljóð eitt og sér. Þrisvar sinnum. Atriðið hefst með sírenuhljóði. Síðan heyrast tveir menn tala saman, annar er greinilega yngri en hinn. Rödd yngri mannsins kemur frá hægri en rödd þess eldri frá vinstri. Raddir þeirra eru yfirvegaðar og það eru afslappaðar þagnir á milli þess sem raddir þeirra heyrast. Sá ungi fer að segja þeim eldri frá draumi sínum og þá byrjar lágvært hljóð. Í fyrstunni hljómar það eins og lest í fjarska, en svo verður það hálf draugalegt. Eftir að sá yngri er búinn að segja þeim eldri frá drauminum, þá heldur þetta hljóð áfram að magnast og það verður meira og meira yfirþyrmandi. Þetta hljóð er drungaleg tónlist sem verður sífelld kraftmeiri og háværi. Raddir mannanna tveggja hljóma ekki eins yfirvegaðar lengur. Eftir smá stund er eins og það heyrast hljóð þegar bílvél er startað. Tónlistin verður stöðugt meira ógnandi og það er eins og það heyrast hljóð í umferð í fjarska. Það dregur úr krafti tónlistarinnar og lágvært fótatak heyrast. Síðan heldur tónlistin áfram og í lokin kemur hljóðskellur, sem er sambland af skerandi tónlist og ópum. Síðan heyrast ógreinilegar raddir, þetta gætu verið kvenmannsraddir.

Sírenan í upphafi setur mann strax í stellingar um að það verði einhver ógn í þessu atriði. Raddir mannanna hljóma mjög yfirvegaðar í upphafi og það eru góðar þagnir á milli þeirra. Síðan þegar lágvær tónlistin hefst, þá kemur ólga í upplifunina. Eftir því sem raddirnar verða æstari og tónlistin kröftugri, þá byggist upp spennan og höggið kemur svo í restina þegar hljóðskellurinn kemur.

Horft á myndina eina og sér. Þrisvar sinnum. Myndbrotið hefst á því að eitthvað skilti er sýnt. Síðan eru tveir menn sýndir sem sitja við borð á veitingahúsi og tala saman. Sá eldri situr vinstra megin við borðið og sá yngri hægra megin. Þeir eru vinsamlegir á svipinn. Í fyrstunni eru þeir sýndir til skiptis því þeir eru að tala saman, en síðan fær sá yngri meiri tíma í mynd og er hann greinilega að segja frá. Hann beinir augum sínum upp til hægri og vinstri til skiptis, eins og hann sé að reyna að rifja eitthvað upp. Hann hristir höfuð sitt afsakandi eins og hann vilji milda það sem hann segir fyrir hinum. Þegar frásögn hans er rétt byrjuð, er eins og eitthvað fyrir aftan hann truflar hann, því hann lítur aftur fyrir sig. Fyrir utan veitingastaðinn getur að líta mannveru sem gengur hratt frá hægri til vinstri, en við sjáum hana ekki greinilega. Sá yngri heldur áfram að segja frá, hann brosir hálf afsakandi en svipur þess eldri er lokaður. Hann túlkar ekki mikið með andliti sínu, setur þó aðeins í brýrnar eins og hann sé efins um það sem sá yngri er að segja. Það er eins og sá yngri verði eitthvað óruggur með sig og hann brosir hálf vandræðalega til þess eldri. Allt í einu er eins og svipur þess yngri frjósi og sá eldri sýnir hörku í sínum svipbrigðum. Hann hristir höfuðið og leggur þannig áherslu á orð sín. Sá yngri teygir sig þá í áttina að þeim eldri og svipur hans verður ákveðinn. Augun hans verða hvöss og þá jánkast sá eldri með höfuðhreyfingu.

Sá eldri stendur síðan upp frá borðinu og gengur að afgreiðsluborðinu og tekur upp veskið sitt. Það er eins og sá yngri verði hissa en svo horfir hann á eftir þeim eldri. Sá yngri muldrar eitthvað við sjálfan sig í lágum hljóðum og það er eins og hann geri sér grein fyrir því að honum hafi orðið á mistök. Hann horfir aftur á þann eldri og sá síðarnefndi bendir þeim fyrrnefnda á að koma til sín. Þegar sá yngri stendur upp frá borðinu, kemur í ljós að sá eldri hefur klárað matinn sinn og drukkið allt úr glasinu sínu, en matur þess yngri er ósnertur og hann hefur ekki drukkið úr glasinu sínu. Mennirnir ganga út og sá eldri beinir þeim yngri á undan sér. Sá yngri gengur hægum skrefum áfram og það glampar á svita á efri vör hans og enni. Sá eldri gengur á eftir þeim yngri, hægum, hálf kæruleysislegum skrefum. Sá yngri horfir fram fyrir sig og verður stöðugt órólegri. Sá eldri fylgir fast á eftir og það er eins og hann sé að reka þann yngri áfram. Sá yngri á sér ekki undankomu auðið og verður stöðugt órólegri. Þeir nálgast

vegg og sá yngri lítur aftur fyrir sig á þann eldri, eins og hann vilji vera viss um að það sé óumflýjanlegt fyrir sig að ganga áfram. Þegar þeir koma að veggnum, stekkur ógeðsleg vera fram. Sá yngri hnígur niður og sá eldri grípur um hann aftan frá. Sá eldri þreifar á hálsslagæð þess yngri og það er ljóst að sá yngri hefur hnigið örendur niður.

Myndbrotið eitt og sér byrjar ósköp sakleysislega á samræðum tveggja manna. Síðan fer sá yngri að segja frá og sjálfstraust hans leynir sér ekki. Þegar líður á frásögnina hans er eins og sá eldri bregðist illa við og sá yngri missi sjálfstraustið. Þegar þeir ganga út úr veitingastaðnum, þá leynir sér ekki að sá eldri er að þvinga hinn áfram og að sá yngri veit að eitthvað kvíðvænlegt muni bíða hans. Skepnan sem skaust fram úr skúmaskotinu hræddi úr þeim yngri líftórana í orðsins fyllstu merkingu og það er ekki laust við að hún hafi haft þannig áhrif á mig líka.

Horft á myndina með hljóði saman. Þrisvar sinnum. Svo einkennilega sem það kann að hljóma, þá fannst mér hljóðskráin ein og sér áhrifaríkt. Kannski vegna þess að ég hlustaði á hana seint um kvöld og var þá alein í húsinu. Tónlistin og bakgrunnshljóðin ein og sér voru svo ógnvekjandi. Raddir mannanna voru líka áhrifameiri, þær voru rólegar og yfirvegaðar í upphafi en þegar sá yngri fór að segja frá, breyttist rödd hans, í rödd hans mátti heyra hik og hræðslu. Sá eldri var kurteis í upphafi en síðan óbilgjarn, eins og hann vildi þeim yngri ekki vel. Ég tók ekki nógu vel eftir um hvað þeir voru að tala.

Þegar ég horfði á myndina eina og sér fannst mér byggjast upp spenna í samtölum mannanna. Þeir virtust byrja að tala saman á kurteisum nótum og svo fór sá yngri að segja frá. Það var eins og sá eldri væri efins á orð hans og mér fanst glytta í að hann væri neikvæður og óbilgjarn gagnvart þeim yngri. Sá yngri virtist svo missa sjálfstraustið og þegar þeir ganga út er honum farið að líða mjög illa. Hvernig þeir ganga saman eftir að þeir koma út var líka áhrifaríkt, það var eins og sá eldri væri að reka þann yngri áfram og að sá yngri væri fórnarlamb hans. Það var alveg ljóst að yngra mannum beið eitthvað ógnandi við lok myndarinnar. Mannveran sem birtist svo í lokin toppaði óhugnaðinn.

Þegar ég horfði á hljóð og mynd saman, fannst mér það ekki eins áhrifaríkt. Trúlega vegna þess að ég var búin að ímynda mér eitthvað miklu dramatískara. Sírenuvælið í upphafi myndarinnar virðist vera utanað komandi hljóð sem skiptir frásögnina ekki miklu máli. En það setur samt ákveðinn tón í þetta atriði, það er fyrirboði þess sem mun gerast í lokin og setur áhorfandann í þær stellingar. Samtal mannanna tveggja er kurteist til að byrja með, sá yngri talar um að hann hafi dreymt veitingastaðinn og sá eldri virðist ekki mjög áhugasamur um drauminn en hvetur þó þann yngri til að segja frá draumnum. Sá yngri fer þá að segja frá og þegar hann kemur að því að tala um að í draumnum sé hann mjög hræddur, þá byrjar tónlistin að hljóma í bakgrunninum. Hann fer að tala um mann á bak við veitingastaðinn sem valdi þessari hræðslu og þá verður tónlistin háværi og enn meira ógnandi. Tónlistin flytur þessi hræðsluskilaboð á kröftugan hátt til áhorfandans. Eldri maðurinn hlustar af áhuga og hann er ekki eins ógnandi þegar rödd hans heyrir og hann var með svipbrigðunum einum saman. Þegar eldri maðurinn stendur upp og gengur að kassanum, þá er eins og ungi maðurinn fái nokkurs konar „flash back“ hann veit að hann er að upplifa drauminn sinn. Þegar dyrnar eru opnaðar heyrir í umferðinni fyrir utan og þau hljóð koma framvindu myndarinnar ekki beint við, þetta eru bakgrunnshljóð til að undirstrika það að þeir eru komnir út. Tónlistin verður stöðugt meira ógnandi og í bland við hana koma hljóð úr umferðinni. Áhorfandanum er ljóst að yngri maðurinn er genginn inn í draum sinn og að hann mun sjá þessa veru sem hann lýsti sem svo í frásögn sinni að hann vonaði að hann ætti aldrei eftir að sjá hana utan við drauminn. Tónlistin magnar upp spennuna og áhorfandinn veit hvað bíður unga mannsins við enda veggjarins. En samt er hann ekki undirbúinn þegar mannveran skelfilega birtist. Alla vegana bregður mér í hvert sinn sem ég sé hana.

Reykjavík 16. september 2016

Sigurlaug Kristmannsdóttir